

MINNISBLAÐ

Reykjavík, 18. desember 2022
Tilvísun: M2212-049

Viðtakandi: Haukur Guðmundsson, ráðuneytisstjóri DMR
Sendandi: Georg Kr. Lárusson, forstjóri LHG
Efni: Aðgerðir til að rekstraráætlun 2023 gangi upp

Líkt og fram hefur komið í minnisblöðum frá Landhelgisgæslunni til dómsmálaráðuneytisins brustu forsendur rekstraráætlunar yfirstandandi árs, einkum sökum gríðarlegra hækkana á heimsmarkaðsverði á eldsneyti, óvæntrar bilunar á varðskipinu Þór og aukins rekstrarkostnaðar nýs varðskips sem og standsetningar þess. Landhelgisgæslan hefur ítrekað bent á að þörf sé á að styrkja rekstrargrunn stofnunarinnar og lítið sem ekkert svigrúm sé til að bregðast við óvæntum áföllum sem þessum. Ráðuneytið hefur beitt sér fyrir og tryggt töluvert fjármagn til að koma til móts við þann vanda sem stofnunin stendur frammi fyrir. Því miður duga þeir fjármunir þó ekki til og staða rekstrar í dag og þarfir næsta árs miðað við óbreytta viðbragðsgetu bendir til þess að u.þ.b. 500 milljónir króna vanti enn upp á til að endar náí saman og hægt sé að skila rekstraráætlun vegna 2023.


Eftir fund með fulltrúum stefnumótunarskrifstofu ráðuneytisins 15. desember sl. þar sem rætt var um stöðuna og mögulegar lausnir var Landhelgisgæslunni falið að leggja til hugsanlegar aðgerðir í minnisblaði þessu.

Varðandi rekstraráætlun og aðgerðir er rétt að hafa í huga að ef verulegar breytingar verða á olíuverði hefur það mikil áhrif á forsendur ýmissa útreikninga, líkt og aðrar breytingar á verðlagi eða gengi. Skipaeldsneyti er eignfært við kaup og gjaldfært við notkun sem felur í sér að verðáhrif eru seinni að koma fram í rekstrarreikningi. Mikil óvissa ríkir um verðlagsþróun eldsneytis.

Hér á eftir verður rakið hvað Landhelgisgæslan hefur þegar gert til að reyna að koma böndum á ástandið og til hvaða aðgerða gæti þurft að grípa til viðbótar.

Aðgerðir sem þegar hafði verið beitt og viðbótar aðgerðir í sparnaðarskyni eftir fund


- Sigling varðskipa – þegar hafði verið áætlað að draga úr siglingu varðskipa og ákveðið var að reyna að draga enn frekar saman til að lækka eldsneytiskostnað enn frekar (óbreyttir úthaldsdagar en siglt minna).
 - Áhrif til kostnaðarlækkunar: 85 m.kr. að öllu öðru óbreyttu
 - Áhrif á viðbragðsgetu: Takmörkuð
 - Áhrif á eftirlitsgetu: Dregur úr eftirliti og löggæslu
- Flugtími á þyrlum – hafði þegar verið áætlaður undir lágmarksviðmiðum. Ákveðið að fækka enn frekar
 - Áhrif til kostnaðarlækkunar: 33,5 m.kr. að öllu öðru óbreyttu
 - Áhrif á viðbragðsgetu: Aðgerðin getur leitt til þess að einstaka áhafnarmedlimir hætti að uppfylla þjálfunarkröfur varðandi tiltekin atriði og geti því ekki sinnt verkefnum sem þar að lúta. Grannt verður fylgst með og leitast við að bæta í þjálfun þar sem þörf krefur
 - Áhrif á eftirlitsgetu: Flugtímum til ráðstöfunar fækkar sem getur leitt til minna eftirlits og löggæslu
- Sliptaka á Þór – Búið var að ákveða að fresta reglubundinni sliptöku á Þór um eitt ár, til 2024, í tímabundnu sparnaðarskyni.
 - Áhrif til kostnaðarlækkunar: 37,0 m.kr. að öllu öðru óbreyttu



- Reglubundin botnhreinsun hjálpar til við að lágmarka olíunotkun og því getur eyðsla aukist.
 - Áhrif á viðbragðsgetu: Engin nema frestun á slipp leiði til bilunar
- Ferðir erlendis – Var þegar búið að lágmarka. Nokkrar ferðir til viðbótar teknar út í sparnaðarskyni.
 - Áhrif til kostnaðarlækkunar: 1,5 m.kr. að öllu öðru óbreyttu
 - Áhrif á viðbragðsgetu: Takmörkuð
- Endurnýjun á öryggisbúnaði og öðrum verkfærum – Var þegar búið að lágmarka. Mikið af búnaði hefur skilgreindan líftíma frá framleiðanda og mikilvægt að búnaður sé í lagi í því umhverfi sem starfsfólk starfar í.
 - Áhrif til kostnaðarlækkunar: Engin til viðbótar
 - Áhrif á viðbragðsgetu: Takmörkuð til viðbótar nema búnaður bili
- Endurmenntun og fræðsla – Þegar búið að skera niður eins og kostur er. Bryn þörf á aukinni fræðslu og þjálfun.
 - Áhrif til kostnaðarlækkunar: Engin til viðbótar
 - Áhrif á viðbragðsgetu: Engin til viðbótar, betri þjálfun og fræðsla styður við viðbragðsgetu stofnunarinnar.

Aðgerðir sem hafa afdrifaríkari áhrif á viðbragðsgetu Landhelgisgæslunnar

- Flugvél – Hætta rekstri flugvélar frá og með 1. febrúar 2023. Segja upp áhöfn fyrir lok janúar og selja flugvélin svo fljótt sem auðið. Flugvélin hefur verið í Frontex verkefnum u.þ.b. 6 mánuði á ári og vegna viðhalds, flughermisþjálfunar og orlofstöku áhafnar hefur henni ekki verið flogið nema u.þ.b. 100 klst. á ári við Ísland undanfarin ár. Fram undan eru kostnaðarsamar uppfærslur tæknibúnaðar sem ekki hafa verið fjármagnaðar í fjármálaáætlun.
 - Áhrif til kostnaðarlækkunar: 153 m.kr. árið 2023 en hátt í 300 m.kr. árið 2024 (og eftirléiðis)
 - Áhrif á viðbragðs- og eftirlitsgetu: Mikil áhrif á getu Landhelgisgæslunnar til að sinna leitar-, björgunar- og eftirlitsflugi, einkum á ytri starfssvæðum. Ekki verður hægt að uppfylla skyldur Íslands gagnvart Schengen samstarfinu með framlagi flugvélar til landamæraeftirlits. Rífta þyrfti samningum um landamæraeftirlit sem fyrirhugað er árið 2023.
 - Töpuð þekking og fjárfesting: Áhafnir flugvélarinnar eru með áratugareynslu af leit, björgun og löggæslu á hafi, auk þekkingar á þann sérhæfða búnað sem slík flugvél er búin. Þessi þekking myndi tapast.
- V/s Freyja – Selja skipið og segja upp hálfri áhöfn. Gera Þór út fleiri daga á ári með 1,5 áhöfn.
 - Áhrif til kostnaðarlækkunar: Samtals 568 m.kr. á ársgrundvelli m.v. rekstraráætlun 2023 með þeim olíuverðum sem nú eru. Hversu mikið skilar sér árið 2023 færi eftir tímasetningu aðgerða.
 - Áhrif á viðbragðsgetu: Varðskip á sjó í einungis 200-210 daga á ári í stað 350. Ekkert varðskip til taks í 6-8 vikur á ári, þ.m.t. í 4-6 vikur yfir sumartímamann (vegna orlofstöku) þegar háannatími skemmtiferðaskipa er. Ávinningur af því að gera varðskip út frá Norðurlandi mun hverfa.
 - Töpuð þekking og fjárfesting: 10-12 áhafnar meðlimum sagt upp, margir með dýrmæta reynslu og þekkingu. Útgerðamynstri þyrfti að breyta í 3:1 í stað 1:1 eins og er í dag og erfiðara yrði að keppa um fólk við aðrar útgerðir á þeim grundvelli.
 - Önnur áhrif: Samhliða útgerð Freyju frá Siglufirði hefur verið lögð áhersla á að ráða fólk af Norðurlandi til starfa á skipinu. Í dag eru 10 áhafnar meðlimir búsettir á Norðurlandi, auk umsjónarmanns á Siglufirði og afleysingafólks. Þjónustufyrirtæki í Fjallabyggð hafa töluverð verkefni í tengslum við viðhalds skipsins. Gera má ráð fyrir að 12-14 stöðugildi á Norðurlandi leggist niður verði Freyja tekin úr notkun.




- Þyrluáhafnir – Fækka úr sex þyrluáhöfnum í fimm
 - Áhrif til kostnaðarlækkunar: 240 m.kr. á ári að teknu tilliti til tapaðra tekna af þjónustusamningi við utanríkisráðuneytið.
 - Áhrif á viðbragðsgetu: Aðeins ein áhöfn til taks 50% ársins í stað 81% ársins með sex áhafnir.
 - Áhrif á eftirlitsgetu: Flugtímum til ráðstöfunar fækkar sem getur leitt til minna eftirlits og löggæslu.
 - Töpuð þekking og fjárfesting: Gríðarlega kostnaðar- og tímasöm nýþjálfun tveggja flugmanna sem þyrftu að láta af störfum.

Aðgerðir sem skila sparnaði til lengri tíma lítið en hafa ekki áhrif til lækkunar á næsta ári

- Orkuskipti varðskipa – Mögulegt er og nauðsynlegt með tilliti til loftlagsmarkmiða ríkisstjórnarinnar að ráðast í orkuskipti á báðum varðskipum. Þær myndu fela í sér að gera skipin „hybrid“ þannig að hægt sé að nota rafmagn og ljósavélar fyrir ríflega 90% af siglingum skipanna. Með þessum búnaði væri jafnframt mögulegt að fara í notkun metanóls, eða annarra innlendra orkugjafa, þegar slíkt eldsneyti verður til reiðu.
 - Fjárfesting: 700-900 m.kr. til að breyta hvoru skipi, samtals 1,4-1,8 m.kr. Innifalið í þeirri breytingu er brýn uppfærsla á tölvukerfum og stjórnþúnaði sem ítrekað hefur verið óskað eftir fjármunum til að ráðast í.
 - Áhrif til kostnaðarlækkunar: 20-30% minni olíunotkun á ári. Krónutala ræðst af úthaldsmynstri og olíuverði.
 - Áhrif á viðbragðsgetu: Rekstraröryggi gæti aukist með notkun innlendra orkugjafa. Hægt væri að nýta skipin meir fyrir sama rekstrarfé og auka viðbragðsgetu lítillaga.
- Aukin sjálfvirknivæðing – LHG hefur undanfarin ár unnið að aukinni sjálfvirknivæðingu sem byggir fyrst og fremst á gervitunglaeftirlit, fjareftirliti og nýtingu gagna um skipumferð. Áfram verður unnið að sjálfvirknivæðingu eftir því sem tækni þróast.
 - Fjárfesting: 40-50 millj. á ári í hugbúnaðarþróun og kaup á gervitunglamyndum.
 - Áhrif til kostnaðarlækkunar: Til framtíðar, má gera ráð fyrir að hægt verði að draga úr rauneftirliti tækja, helst flugvélar.
 - Áhrif á viðbragðsgetu: Aukin eftirlits- og viðbragðsgeta.

Aðrar aðgerðir sem skoðaðar voru en munu ekki skila sér í kostnaðarlækkun

- Varðskip í Frontex – Skoðuð var hagkvæmni þess að senda skip í Frontex í nokkra mánuði á næsta ári. Kostnaðarreglur Frontex eru með þeim hætti að of lágt endurgjald vegna afskrifta og viðhalds fengist til að standa undir föstum launakostnaði áhafna (sem Frontex greiðir ekki fyrir) og verkefnin kæmu út í mínus.
 - Áhrif til kostnaðarlækkunar: Neikvæð, kostnaður hærri en tekjur
 - Áhrif á viðbragðsgetu: Einungis eitt varðskip til taks við Ísland
 - Niðurstaða: Óhagkvæmt
- Sprengjudeild – Leggja niður sprengjudeild og segja upp 6 starfsmönnum. Sprengjueyðing er eitt af lögbundnum verkefnum Landhelgisgæslunnar auk þess sem utanríkisráðuneytið greiðir skv. þjónustusamningi fyrir þjónustu deildarinnar við erlendan herafla (gistirkjastuðningur). Deildin aflar einnig tekna með styrk frá NATO vegna árlegrar æfingar og fleiri tilfallandi verkefna.
 - Áhrif til kostnaðarlækkunar: 73 m.kr. er nettó rekstrarkostnaður deildarinnar sem áætlaður er árið 2023.
 - Áhrif á viðbragðsgetu: Enginn aðili með þjálfun til að sinna sprengjueyðingu í sjó og á landi.
 - Töpuð fjárfesting: Mjög sérhæfð þekking og þjálfun vel menntaðra sprengjusérfræðinga myndi tapast.



- Niðurstaða: Landhelgisgæslan getur ekki sinnt lögbundnum skyldum sínum án deildarinnar og nettó rekstrarkostnaður hennar er lágur samanborið við mikilvægi og umfang verkefna hennar.
- Siglingaöryggisvið - Leggja niður siglingaöryggisvið (sjómælingar og sjókortagerð). Sjómælingar og sjókortagerð er lögbundið hlutverk Landhelgisgæslunnar og jafnframt gríðarlega mikilvægur hlekkur í öryggi sjófarenda. Deildin aflar tekna með sjókortasölu og jafnframt er tímabundið árlega greidd fjárhæð til að standa straum af ákveðið mörgum úthaldsdögum til mælinga í gegnum átaksverkefni um kortlagningu hafsbotnsins.
 - Áhrif til kostnaðarlækkunar: 178 m.kr. er nettó rekstrarkostnaður deildarinnar sem áætlaður er árið 2023
 - Áhrif á viðbragðsgetu: Mikil þar sem ekki verða til uppfærð sjókort til að vinna eftir
 - Töpuð fjárfesting: Mjög sérhæfð þekking og þjálfun mælingafólks og kortagerðafólks myndi tapast
 - Niðurstaða: Landhelgisgæslan getur ekki sinnt lögbundnum skyldum sínum án deildarinnar og öryggishlutverk hennar er svo mikilvægt að ekki er forsvaranlegt að leggja deildina niður

Niðurstaða Landhelgisgæslunnar

Landhelgisgæslan hefur þegar ákveðið að grípa til enn frekari aðhaldsaðgerða, líkt og rakið var hér á undan, sem lækka u.þ.b. 500 m.kr. vanda um u.þ.b. 145 m.kr. (breytist aðrar forsendur ekki, svo sem verð og gengi). Eftir standa engu að síður u.þ.b. 350 m.kr. ófjármagnaðar og óútfærðar í rekstraráætlun.

Eina leiðin til að halda úti óbreyttri viðbragðsgetu er að til komi viðbótarfjármagn sem upp á vantar. Að öðrum kosti þarf að grípa til róttækra aðgerða sem bitna á viðbragðs-, eftirlits- og löggæslugetu Landhelgisgæslunnar.

Brýnt er að leiðbeiningar um framhaldið berist sem fyrst frá ráðuneytinu, bæði til að hægt sé að skila inn rekstraráætlun fyrir áramót sem er forsenda þess að stofnunin fái greitt rekstrarfé í janúar, og eins til að hægt sé að grípa til þeirra uppsagna sem kunna að vera nauðsynlegar.